

**Ed.**

## **91. Frumvarp til laga**

um fangelsi.

Flutningsm.: Þorst. Þorsteinsson, Jónas Jónsson, Magnús Guðmundsson.

### **1. gr.**

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem í eru 700 íbúar eða fleiri, skal reisa fangelsi, til þess að geyma í gæzlufanga og aðra, sem teknir hafa verið fastir um stundarsakir.

### **2. gr.**

Kostnaður af byggingu fangelsa greiðist að hálfu úr hlutaðeigandi bæjar-sjóði eða sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði, og skal, meðan þörf er á, árlega veitt fé í þessu skyni í fjárlögum.

### **3. gr.**

Nú telur bæjarstjórn eða hreppsnefnd nauðsyn á, að fangelsi sé reist á staðnum, og skal þún þá snúa sér til dómsmálaráðherra með beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni. Slikri beiðni skal fylgja skýrsla um nauðsynina, nákvæm áætlun um kostnað og uppráttur að gerð hússins.

### **4. gr.**

Ef fleiri beiðnir berast ráðherra en fjárveiting leyfir að teknar séu til greina, skal hann velja úr og veita féð þar, sem þörfin telst mest.

### **5. gr.**

Ráðherra bafir þá ihlutun um byggingu fangelsa, sem nauðsynleg er til þess að tryggja vandaðan frágang, hæfilega stærð þeirra og hóflegan kostnað.

### **6. gr.**

Nú er fangelsi á staðnum, en það þarfnast endurbóta eða viðauka, og skal þá að öllu svo með fara sem segir í 1.—5. gr.

### **7. gr.**

Ráðherra getur veitt leyfi til, að afplána megi sektir, einfalt fangelsi og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fangelsum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, þó ekki lengur en 2 mánuði, enda sé fangelsi svo vel útbúið, að fögum sé engin hættu búin.

### **8. gr.**

Rekstrarkostnaður fangelsa þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði. Að öðru leyti setur dómsmálaráðherra með reglugerð fyrirmæli um rekstur fangelsa og annað, er þurfa þykir.

### **9. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Samhljóða frv. lá fyrir síðasta þingi, en fékk þar ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Fjárveitinganefnd hafa borizt ýms erindi og áskoranir um fjárframlög til að reisa fangahús. Vegna þessa og með því að engin lög eru til um skiptingu kostnaðar af slíkum framkvæmdum, þótti nefndinni rétt, að flutt væri þetta frv., því að allir nefndarmenn eru á eitt sáttir um það, að löggæzla í landinu verði ekki tryggð nema hægt sé að fangelsa þá, sem valda óspektum eða brjóta lög á annan hátt.

Nefndin fól þeim meðlimum sínum, sem sæti eiga í efri deild, að flytja málið þar“.